

**STJÓRNARFUNDUR Á SKIRFISTOFU HEILBRIGÐISEFTILITS NORÐURLANDS
VESTRA, SAUÐÁRKRÓKI
FIMMTUDAGINN 22. DESEMBER 2011**

Fimmtudaginn 22. desember 2011 kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á Sauðárkróki Mætt voru: Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri málefna fatlaðra sat fundinn undir 1. lið og Svanfríður Jónasdóttir Dalvíkurbyggð og Kristín Davíðsdóttir úr Fjallabyggð voru í símasambandi. Katrín María Andrésdóttir verkefnisstjóri SSNV atvinnuþróunar sat fundinn undir lið 3. a.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Lögð fram til kynningar.
2. **SSNV – málefni fatlaðra**
 - a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 18. nóvember 2011.** GSG skýrði einstaka liði.
 - b. **Fundargerð þjónustuhóps frá 16. desember 2011** GSG skýrði einstaka liði.
 - c. **Uppgjör til þjónustusvæðanna vegna 2010**

Stjórn samþykkir að uppgjör til þjónustusvæðanna vegna ársins 2010 verði eftirfarandi;

Húnaþing vestra	kr.	987.608, kemur til lækkunar á framlögum 2012
Austur Hún.	kr.	-2.905.000
Skagafjörður	kr.	- 3.096.670
Fjallabyggð	kr.	- 379.644

Samtals nema uppgjörsgreiðslur vegna ársins 2010 kr.– 5.393.706
 - d. **Fjárhagsáætlun 2012** GSG kynnti helstu forsendur fjárhagsáætlunar vegna ársins 2012. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir heildarkostnaði við málaflokkinn uppá kr.476.106.811 Heildartekjur nema kr 500.772.000, þar af munu greiðslur frá sveitarfélögunum beint (útsvarstekjur 0,25%) nema kr. 74.447.000 og framlög Jöfnunarsjóðs nema því kr. 426.324.000. Undir þessum lið var lögð fram bókun Félags og skólapijónustu A-Hún frá 15.desember 2012 þar sem mótmælt er hugmyndum um breytingar á stöðugildum ráðgjafa í Húnavatnssýslum. Umræður urðu um forsendur fjárhagsáætlunar 2012. Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu. *Stjórn samþykkir að hækka um 3 milljónir liðinn ráðgjöf A- Hún. Fjárhagsáætlun verði tekin til endurskoðunar innan 6 mánaða að teknu tilliti til frekari yfirferðar á þjónustubörf vegna ráðgjafar í A- Hún. Aðrir liðir fjárhagsáætlunarinnar eru samþykktir óbreyttir. Heildarútgjöld áætlunarinnar verða því kr 479.106.811.* Tillagan samþykkt samhljóða.
3. **SSNV atvinnuþróun**
 - a. **Vaxtarsamningur Norðurlands vestra – staða mála.** Lögð fram drög að ýmsum gögnum sem skila þarf Iðnaðarráðuneytinu sbr. sbr. Ákvæðum samningsins. KMA kynnti drögin. Umræður urðu um málið. Samþykkt að stjórnarmenn komi ábendingum til KMA fyrir 7. Janúar 2012.

- b. **Haustfundur atvinnuþróunarfélagana.** Lögð fram fundargerð fundarins sem haldinn var á Ísafirði 17. nóvember s.l
4. **Samningur við Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi.** Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi sem hann átti með stjórnarformanni Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi varðandi samning milli SSNV og Markaðsstofunnar. Umræður urðu um málið. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.
5. **Bréf og fundargerðir**
- a. **Fundargerð starfshóps um Sameiginlega barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra frá 27.10.2011** Lögð fram til kynningar.
- b. **Fundargerð starfshóps um Sameiginlega barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra frá 24.11.2011.** Lögð fram til kynningar. Framkvæmdastjóri skýrði frá ósk starfshópsins um frestun á skilum niðurstaðna útfærslu Sameiginlegrar barnaverndarnefndar til 1. Apríl 2012. Stjórn samþykkir umbeðinn frest.
- c. **Ályktun Sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 30. Nóvember 2011. Ályktunin er eftirfarandi „Sveitarstjórn Skagafjarðar fagnar tillögum um ráðstöfun veiðileyfagjalds frá starfshópi sjávarútvegsráðherra er að fela er fela í sér viðurkenningu á þeirri miklu tilfærslu fjármagns sem við lýði er frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og styður þá viðleitni sem í tillögunum er að finna til að tekjurnar koma til baka, a.m.k að hluta til. Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir að tekjur af veiðigjaldi skiptist þannig að 50% renni í ríkissjóð, 40% til sjávarbyggða og 10% til þróunar og markaðsmála í sjávarútvegi. **Veiðigjald verði einn af lögmætum tekjustofnum sveitarfélaga** Ekki síst er þetta mikilvægt á tímum þar sem gríðarlegur niðurskurður á sér stað víða um land, m.a í heilbrigðis og samgöngumálum, á sama tíma og atvinnulífið og ekki síst fyrirtæki á landsbyggðinni eru látin bera æ meiri skattbyrði“.
*Stjórn SSNV tekur undir efni ályktunarinnar og leggur þunga áherslu á að við andvirði veiðigjalds verði ráðstafað til landsbyggðarinnar samkvæmt hugmyndum starfshópsins sjávarútvegsráðherra.***
- d. **Bréf Innanríkisráðherra frá 28. nóvember 2011.** Í bréfinu segir „Ég vil þakka góðan fund á 19. ársþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þann 26. Ágúst s.l. Ég vil upplýsa, í framhaldi af þeim skoðanaskiptum sem fram fóru á fundinum varðandi val á vegstæði þjóðvega, að í tillögum mínum að tólf og fjögurra ára samgönguáætlunum, sem lagðar verða fram á Alþingi innan skamms, er hvorki gerð tillaga um flutning á hringveginum frá Blönduós yfir á nýja Svínvetningabraut né flutnings hans til suðurs frá Varmahlíð. Ég lít svo á að flutningur hringvegarins á þessum stöðum eigi ekki að vera viðfangsefni skipulagsyfirvalda nema sveitarfélögin sjálf óski eftir því“. Afrit af bréfinu var sent vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Umhverfissráðuneyti, Blönduósbæ, Húnavatnshreppi, Svf. Skagafirði og Akrahreppi.
Stjórn SSNV lýsir yfir ánægju með ákvörðun ráðherra.
- e. **Afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra til Umhverfissráðherra frá 16. desember 2011.** Lagt fram til kynningar.



- f. **Sóknaráætlun landshluta – fréttatilkynning forsætisráðuneytisins.**
Lögð fram til kynningar.
- 6. **Frumvörp til umsagnar**
 - a. **Tillaga til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðaðþjónustu úti á landi, 37. Mál .** Stjórn SSNV tekur undir efni frumvarpsins og mælir með samþykkt þess
- 7. **Önnur mál.**
 - a. **Erindi SSNV til forsætisráðherra þann 21.11.2011.** Ekki hefur borist svar við erindi SSNV til forsætisráðherra um skipun starfshóps vegna erfiðrar byggðarlegrar stöðu Norðurlands vestra sem sent var þann 21.nóvember s.l. Framkvæmdastjóra falið að kanna stöðu málsins.
 - b. **Menningarsamningar.** Framkvæmdastjóri upplýsti að þar sem ekki náðist samkomulag um skiptingu viðbótarfjármagns til menningarsamninga landshlutana milli landshlutasamtakanna að ákvörðun um skiptingu viðbótarfjármagns er nú í höndum Mennta og menningarmálaráðuneytisins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00

Jón Óskar Pétursson fundarritari